



Reykjavíkurborg
Minjasafn Reykjavíkur

Alþingi
Erindi nr. P 135/1902
komudagur 27.3.2008

Reykjavík, 26. mars 2008
2008030010
043

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Þingsályktunartillaga um skipafriðunarsjóð. Umsögn.


Óskað er umsagnar um ***þingsályktunartillögu um skipafriðunarsjóð, 236. mál.***

Í tillögunni er lagt til að stofnaður verði skipafriðunarsjóður, sem hafi það að markmiði að stuðla að verndun gamla fiskiskipa.

Lýst er yfir stuðningi við að slíkur sjóður verði stofnaður, en bent á að þörf á því að stuðla að varðveislu annarra skipa og en fiskiskipa. Því er lagt til að orðalagi tillögunnar verði breytt á þann hátt að í stað ***fiskiskipa*** komi ***báta og skipa***.

Í greinargerð er bent á Húsafriðunarsjóð sem fyrirmynd. Í því sambandi er vert að áréttá að nauðsynlegt er að tryggja að úthlutanir úr skipafriðunarsjóði verði á faglegum grunni og að í stjórn sjóðsins verði fagfólk á sviði safnamála. Það er nefnt hér vegna þess að til hliðar við úthlutanir úr húsafriðunarsjóði sem gerðar eru að tilögu húsafriðunarnefndar, sem er nefnd skipuð fagmögnum, hefur fjárlaganefnd á undanförunum árum úthlutað styrkjum til endurgerðar gamalla húsa án þess að þar sé lagt faglegt mat á umsóknir. Slík vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar og vekja reyndar spurningar um hvort hér sé gætt þess jafnræðis og gagnsæis sem stjórnsýslulög kveða á um.

Virðingarfyllt


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
borgarminjavörður